

12.5.2010

Menningasjóður Vísa styrkir Mænskaðastofnun



(ýttu á myndina til að stækka)

Auður Guðjónsdóttir
stjórnarformaður
Mænskaðastofnunar

Menningasjóður Vísa hefur veitt Mænskaðastofnun Íslands styrk að upphæð kr. 1.000.000.-

Féð hyggst Mænskaðastofnun nota sem hornstein í nýju verkefni stofnunarinnar sem felst í lestri á öllu útgefnu efni um mænskaða. Markmiðið er að skoða hvort einhver staðar leynist vannýtt vísindapekking sem nýta má lækningu til framfara. Læknar og vísindamenn af mörgu þjóðerni munu lesa efnið.

Mænskaðastofnun þakkar Vísa innilega fyrir hjálpin.

Dæmi: Í seinni heimstyrjöld létust óteljandi hermenn vegna sýkinga. Herveldin gripu þá til þess ráðs að setja á stofn hóp lækna og vísindamanna sem lesa áttu allt efni sem gefið hafði verið út um bakteríurannsóknir, í þeirri vona að finna vannýtta vísindapekkingu. Afrakstur lestursins var að penecillinið varð þróað. Uppfinning Penecillínsins var mesta læknisfræðilega uppgötvun tuttugustu aldarinnar og er ein undirstaðna nútíma læknisfræði.

